



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

41. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 20. september 2016, kl 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Helgi Héðinsson, Friðrik Jakobsson, og Jón Óskar Pétursson

sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 19. september 2016
3. Umsókn um rekstrarleyfi gististaðar í flokki II
4. Alþingiskosningar 2016- utankjörfundaratkvæðagreiðsla
5. Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 29. ágúst 2016
6. Fjárhagáætlun 2016- forsendur
7. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2016
8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2016
9. Aðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga 2016
10. Stefnunótun í úrgangsmálum - skýrsla starfshóps Sambands íslenskra sveitarfélaga
11. Málefni Skjólbrekku
12. Trúnaðarmál
13. Vegamál í Mývatnssveit
14. Sameiginleg yfirlýsing sveitarstjórna Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings
15. Skýrsla sveitarstjóra

1. Oddviti setti fund og lagði til að nýjum lið 2, fundargerð skipulagsnefndar frá 19. september 2016 yrði bætt á dagskrá. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Einnig að nýjum lið 13. *Vegamál í Mývatnssveit* og liður 14 *Sameiginleg yfirlýsing sveitarstjórna Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings*. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Samþykkt samhljóða.
2. Lögð fram fundargerð Skipulagsnefndar frá 19. september 2016. Fundargerðin er í einum lið. *Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina*.
3. Lagt fram erindi Sýslumannsins á Norðurlandi eystra þar sem óskað umsagnar Skútustaðahrepps vegna umsóknar Gísla Sverrissonar, kt. 180561-7069, Fossagili 11, 603 Akureyri, 603 Akureyri, forsvarsmaður fyrir Hlíð ferðaþjónustu ehf. kt. 660595-2369, sem sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi gististaðar í flokki II, til sölu gistingar í Hlíð ferðaþjónustu, 660 Mývatni. Samkvæmt 10. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 og 23. gr. reglugerðar nr. 585/2007 er óskað umsagnar sveitarstjórnar um umsókn þessa. *Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn að uppfylltum skilyrðum sem skipulags- og byggingafulltrúi og aðrir umsagnaraðilar kunna að setja.*
4. Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 2. september sl., var lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins um utankjörfundar-atkvæðagreiðslu hjá sveitarfélögum vegna

URK

- forsetakosninga 2016, ásamt greinargerðum frá þeim sveitarfélögum og byggðasamlögum sem tóku þátt í tilraunaverkefni Sýslumanna- félags Íslands og sambandsins um aukið aðgengi að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í tengslum við forsetakosningarnar fyrr í sumar. *Lagt fram til kynningar.*
5. Í bréfinu kemur fram ósk um að tilraunaverkefni um utankjörfundaratkvæðagreiðslu sbr. lið 4. verði framlengt fram yfir næstu alþingiskosningar með sömu skilmálum og áður. Innanríkisráðuneytið telur að með því móti fáið aukin reynsla af þessari framkvæmd, sem og svigrúm til að vinna úr henni, auk þess sem kjósendum verði þannig tryggt sambærilegt þjónustustig og við forsetakosningarnar. *Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í tilrauna verkefninu um utankjörfundaratkvæðagreiðslu fram yfir kosningar til Alþingis þann 29. október 2016.*
 6. Lagt fram til kynningar minnisblað Hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um helstu forsendur fjárhagsáætlunargerðar 2017-2020.
 7. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin á Hótel Hilton í Reykavík dagana 22.-23. september 2016. *Oddviti, sveitarstjóri og skrifstofustjóri munu sækja ráðstefnuna.*
 8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður haldinn á Hótel Hilton í Reykjavík miðvikudaginn 21. september kl 16:00. *Sveitarstjóri mun sækja fundinn.*
 9. Ársfundur Samtaka orkusveitarfélaga verður haldinn á Hótel Hilton miðvikudaginn 21. september kl 14:30. *Sveitarstjóri fer með atkvæðisrétt sveitarfélagsins á fundinum.*
 10. Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps Sambands Íslenskra sveitarfélaga um stefnu í úrgangsmálum.
 11. Frestað til næsta fundar
 12. Sjá trúnaðarbók
 13. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun. *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á Alþingi, Innanríkisráðherra og Vegagerðina að auka stórlega viðhaldsfé til vegamála þannig að hægt verði hefla malarvegi í sveitarfélaginu. Jafnframt skorar sveitarstjórn á fyrrgreinda aðila að beita sér fyrir að bundið sliðlag verði lagt á alla malarvegi í sveitarfélaginu á næstu þremur árum og að auknu fé verði veitt í framkvæmdir sem snúa að bættu umferðaröryggi við vinsæla ferðamannastaði í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.*
 14. Áskorun á ríkisstjórn og/eða Alþingi.

ÁSKORUN

Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Norðurþings lýsa þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem áform um nýtingu og vernd háhitasvæða í Þingeyjasýslum eru komin í og fara fram á að ríkisvaldið gripi til ráðstafana til að bæta þar úr.

Árið 2006, eftir marga ára undirbúning, skipuðu sveitarfélögin þrjú og Aðaldælahreppur samvinnunefnd um gerð landnýtingar- og verndaráætlunar vegna fyrirhugaðra virkjanna á Þeistareykjum og Gjástykki, ásamt frekari virkjunum í Kröflu og Bjarnarflagi. Auk fulltrúa sveitarfélaganna átti fulltrúi Skipulagsstofnunar sæti í nefndinni en auk nefndarmanna unnu fjölmargir fræðimenn og aðrir álits- og umsagnaraðilar að gerð áætlunarinnar, þ.m.t. sameiginleg náttúrverndarnefnd Þingeyjasýslna. Sú vinna hefur miðað að því að almenningur, hagsmunaaðilar, félagasamtök og aðrir hafi haft tækifæri til að koma að athugasemdum um fyrirhugaða landnotkun. Áætlunin var unnin sem svæðisskiplag sveitarfélaganna fjögurra með hliðsjón af lögum um umhverfismat áætlana og var því í henni m.a. ítarleg umhverfisskýrsla. Áætlunin var auglýst og kynnt með fyrirskrifuðum hætti, fjallað var um innsendar athugasemdir að því loknu, áætlunin staðfest í viðkomandi sveitarstjórnnum, afgreidd formlega af Skipulagsstofnun og loks staðfest af Umhverfisráðherra þann 16. 1. 2008 sem svæðisskiplag háhitasvæða Þingeyjasveita 2007 - 2025. Efnisþættir úr áætluninni hafa í framhaldinu verið teknir upp í deili- og aðalskiplög sveitarfélaganna, eins og við hefur átt, og á þeim hefur skipulagsvinna háhitasvæðanna byggð. Skipulögin eru m.a byggð á gildandi raforkulögum, kerfisáætlun og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku staðfestri

YRK

af Alþingi. Sveitarfélögunum er skylt að samræma skipulagsáætlanir við kerfisáætlun og tryggja að skipulagsákvæðanir hindri ekki framgang verkefna sem eru í þriggja ára framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.

Á vordögum bárust sveitarfélögunum þremur umsóknir frá Landneti hf. um leyfi til lagningar flutningsmannsvirkja til að tengja Þeistareykjavirkjun með háspennulínunum við iðnaðarsvæðið á Bakka og við Kröfluvirkjun og þar með við byggðalinuna. Sveitarfélögin hafa öll orðið við beiðni Landsnets hf. um útgáfu framkvæmdaleyfis (með ýmsum skilyrðum), enda liggja fyrir ítarlegar umhverfismatsskýrslur framkvæmdaáðila í samræmi við lög nr. 106/2000 og álitserðir umsagnaraðila um þær. Allt var þetta gert í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma. Fyrirhugað lagnastæði háspennulína er í samræmi við gildandi aðalskipulög sveitarfélaganna allra og sérstaks deiliskipulags fyrir Þeistareykjasvæðið.

Framkvæmdir við línulagnir á grundvelli leyfanna hófust þegar í vor, en aðrir þættir í uppbyggingaráætlunum í tengslum við iðnaðarsvæði á Bakka við Húsavík eru langt komnir. Má þar nefna byggingu Þeistareykjavirkjunar, verksmiðjuhúsa á Bakka, hafnar- og jarðgangagerðar á Húsavík, auk fjölda afleiddra verkþátta. Allar þessar framkvæmdir hafa haft mjög jákvæð áhrifa á atvinnustigið á svæðinu og aukið fólki hjartssýni á að í framtíðinni getið það fundið störf í hátækiiðnaði á svæðinu, en á slíkt hefur mjög skort.

Ástandið nú virðist að einhverju leyti vera tilkomið vegna stirðleika í samskiptum framkvæmdaáðila og náttúruverndarsamtaka, sem verður að harma. Sveitarstjórnir telja að lærdóm megi draga af stöðu mála, m.a. að mikilvægt sé að hagsmunaaðilar, félagasamtök og framkvæmdaáðilar taki þátt í ferli skipulags- og umhverfismála á grunni gagnkvæmrar virðingar fyrir sjónarmiðum hvers annars. Jafnframt að betur verði gætt að því að ný löggjöf skapi ekki óvissu um þá vinnu sem felst í fyrra ferli skipulags- og umhverfismála.

Hins vegar eru sveitarstjórnirnar sammála um að við þetta ástand verði ekki búið og fara þess á leit við ríkisstjórn og/eða Alþingi að gripið verði til ráðstafanna til að leysa þann hnút sem upp er kominn, enda verði framfylgt stefnu hvers sveitarfélags um landnotkun, samkvæmt gildandi skipulagsáætlunum, sem koma fram í framkvæmdaleyfum útgefnum af sveitarfélögunum.

Fyrir hönd sveitastjórna skv. ályktunum þeirra á fundum höldnum 20. sept. 2016

Sveitarstjóri Skútustaðahrepp
Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar
Sveitarstjóri Norðurþings
Samþykkt samhljóða

15. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi.

Þá lagði sveitarstjóri fram eftirfarandi bókun.

Þar sem þetta er síðasti sveitarstjórnarfundur minn í embætti sveitarstjóra vil ég nota tækifærið og þakka sveitarstjórn, starfsfólki og íbúum ánægjulegt samstarf undanfarin rúm tvö ár og óska Mývetningum allra heilla í framtíðinni.

Jón Óskar Pétursson

Undir þessum lið bar oddviti upp eftirfarandi bókun. Sveitarstjórn þakkar sveitarstjóra fyrir vel unnin störf undan farin tvö ár og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.


YRK

Fundi slitið kl 23:00


Yngvi Ragnar Kristjánsson


Sigurður G. Böðvarsson


Guðrún Brynleifsdóttir


Helgi Héðinsson


Friðrik Jakobsson


Jón Oskar Pétursson